



Reykjavík, 2. október 2020
Fundargerð 208. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 2. október var haldinn 208. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Síðustu tölur

Farið stutt yfir tölfræði síðustu daga. Áfram að greinast nokkur fjöldi hvern dag og innlögnum á LSH er að fjölga. 582 manns eru í einangrun og 1.697 í sóttkví. Smituðum hefur því fjölgað milli vikna um 230 einstaklinga, en einstaklingum í sóttkví hefur fækkað um 154.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Farið yfir gildandi reglugerðir, minnisblöð sóttvarnalæknis og þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Gildandi fyrirkomulag er áætlað til 18. október.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi opinberar aðgerðir innanlands vegna COVID-19 eftir 27. september 2020. Dags. 23. september 2020.
- Reglugerð 929 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Dags. 25. september 2020.
- Auglýsing 936 um (2.) breytingu á auglýsingu nr. 811/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Dags. 28. september 2020.

Afgreiðsla: Kynning.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the number 385.

3. Ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga

Neyðarstjórnir sveitarfélaganna hafa fundað reglulega og samstarf sveitarfélaganna og AHS verið mikið á ýmsum sviðum og samráðshópar í gangi.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir LRH

Ásgeir Þór yfirlögregluþjónn fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál AHS

Engin önnur mál.


Fundi slitið klukkan 08:20.

Næsti fundur verður föstudaginn 9. október.


Fylgiskjöl:

AHS:


- Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi opinberar aðgerðir innanlands vegna COVID-19 eftir 27. september 2020. Dags. 23. september 2020.
- Reglugerð 929 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 864/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Dags. 25. september 2020.
- Auglýsing 936 um (2.) breytingu á auglýsingu nr. 811/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar. Dags. 28. september 2020.




Dagur B. Eggertsson



Gunnar Einarsson



Haraldur Sverrisson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ásgerður Halldórsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson